

Morgunblaðið, 20.09.2025, síðu 50.
grein stærð: 1001.24 sm2
grein hæð: 38.61 sm

Þarf að þora að vera asnalegur

● Myndlistarkonan Kristín Gunnlaugsdóttir er níundi listamaðurinn sem valinn er til þátttöku í sýningaröð Listasafns Reykavíkur ● Yfirlitssýning hennar Ósagt opnuð á Kjarvalsstöðum í dag

VIÐTAL
Anna Rún Frímannsdóttir
annarun@mbl.is



„Verkin sem valin eru á sýninguna eru frá öllum ferli mínum, elstu verkin eru frá 1988 og þau nýjustu frá þriðjudeginum í þessari viku," segir myndlistarkonan Kristín Gunnlaugsdóttir og brosir fallega til blaðamanns þar sem við sitjum í Vestursal Kjarvalsstaða og ræðum yfirlitssýningu hennar *Ósagt* sem verður opnuð þar í dag en Kristín er níundi listamaðurinn sem valinn er til þátttöku í sýningarröð Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi. Þá er hver listamaður valinn með tilliti til einstaks framlags hans og sérhæfingar á sínu sviði, bæði hvað viðvíkur miðlum, aðferðum og viðfangsefnum.

„Ég hef tekið myndir af öllu sem ég hef gert og skráð niður frá upphafi sem kemur sér mjög vel þegar svona stórt verkefni eins og þessi yfirlitssýning er fram undan. Ég afhenti Markúsi Þór Andréssyni sýningarstjóra öll gögnin, hann skoðaði þau ítarlega og hóf svo að velja þau verk sem hann sá fyrir sér í rýminu. Síðan tókum við samtalið um hvaða verk okkur þætti svokölluð aðalverk."

Dýrmætt tækifæri

Kristín er fædd árið 1963 og nam myndlist í Myndlistarskólanum á Akureyri og Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1983-1988. Eftir það fór hún utan og lagði stund á íkonamálun í Fransescane Missionarie di María-klaustrinu í Róm á Ítalíu og síðar listnám við Ríkisakademíuna í Flórens á árunum 1987-1993 en samtals bjó Kristín á Ítalíu í átta ár. Segir hún það mikinn heiður að vera valin til þátttöku í þessari sýningarröð.

„Að fá að vera í hópi listamanna sem ég lít upp til og fá þetta einstaka tækifæri til að sýna verkin mín í stórum sal með mikilli aðstoð og stuðningi Listasafns Reykjavíkur hefur verið mjög gefandi fyrir mig. Einnig að fá að spegla sjálfa sig og allan ferilinn. Það er áskorun en um leið dýrmætt tækifæri. Ég er mjög þakklát og hef verið mjög vinnusöm alveg frá því ég fékk boðið, hef nýtt tækifærið til hins ýtrasta og unnið nánast hvern dag og gert mikið af nýjum verkum," segir hún og bætir því við að sjaldnast hafi hún þó verið að hugsa um sýninguna á meðan hún vann.

„Á vinnustofunni er það bara vinnan sem tekur yfir og hvernig ég þarf að vinna að því sem liggur mér á hjarta. Maður veit því aldrei fyrir fram hvað kemur út úr því og hvað af verkunum kemur til með að rata inn á svona sýningu. Lögð var áhersla við mig í upphafi að ég myndi koma með talsvert af nýjum og nýlegum verkum sem hefur orðið raunin. Mér finnst einhvern veginn eins og þessi nýju verk sem ég hef verið að vinna að síðastliðið ár beri merki umróts og breytinga í heiminum. Ég hefði ekki unnið svona fyrir þremur árum eða fimm árum," útskýrir Kristín. „Vinna listamannsins er tengd einhverju virku loftneti sem hann gerir sér ekki alltaf grein fyrir, eða hvert það muni leiða hann. Vinnan felst í að fylgja þessu innsæi og treysta því sem maður er og verður að gera. Ekki hugsa endilega um Kjarvalsstaði eða Vestursalinn. Ég gerði það alla vega ekki og tókst að gleyma mér á vinnustofunni."



Ósagt „Fólk hváir mikið yfir því hvað ég þori að breyta til," segir Kristín.



Rauður draumur Vinnuaðferðir Kristínar skiptast í fjórar meginaðferðir.



Morgunblaðið/Eggert

Sýningaropnun Kristín segist mjög þakklát fyrir samstarfið við Markús Þór Andrésson sýningarstjóra.

Sérvalið brot

Þá segir Kristín verkin á sýningunni einungis lítið brot af því sem hún hafi gert og fengist við í gegnum tíðina. „Mér finnst alveg magnað að sjá að þrátt fyrir fjölda verkanna þá er þetta einungis lítið brot. Það hefur verið mjög gefandi og áhugavert fyrir mig að sjá hvernig Markús hefur valið verk og sett upp. Ég er mjög þakklát fyrir okkar samstarf og útkomuna."

Spurð í framhaldinu hvort eitthvað standi upp úr á löngum og glæstum ferli svarar Kristín því til að henni finnist gott að sjá og hafa þá tilfinningu eftir 40 ár í faginu að hún geti gert nákvæmlega það sem henni sýnist. „Ég hika ekki við að breyta til. Fólk sér það kannski í öðru ljósi þegar ég tala um þetta, eins og ég sé að skipta því út að vera ég sjálf, sem er auðvitað ekki hægt. En að þora að taka stórt stökk inn á ókunnan stað í sköpunarferlinu er oft meira en að segja það, sérstaklega þegar það gengur vel að selja eða þá þú færð einhverja viðurkenningu. Áhersla á höfundareinkenni getur verið hamlandi og tjóðrað mann niður á bás. Listaverkamarkaðurinn styður það og vill gjarnan hafa á hreinu. Ég vil losna undan þessu með því að þora að gera eins og ég hef þörf fyrir að gera, ekki endilega til að storka þessu sem fyrirkomulagi heldur til að upplifa listrænt frelsi og gera það sem mér sýnist, langar til og þarf hverju sinni."

Eins og að flysja utan af lauk

Innt eftir því hvernig hún hafi þróast og breyst sem listamaður í gegnum tíðina segir Kristín listina ekki einungis snúast bara um að fylgja hjartanu heldur þurfi maður líka að hafa gaman.

„Stundum getur þetta verið snúið, að fylgja hjartanu og forvitninni. Því fylgir áhætta bæði varðandi óvissa útkomu listrænt séð og svo afkomulega. En það er nauðsynlegt og heldur manni lifandi í faginu. Og talandi um afkomu er ljóst að verkefni af þessari stærð getur ekki verið unnið án listamannalauna. Hvað varðar breytingar í verkunum þá er núna einhver púls sem hvetur mig til að losna úr fígúrasjóninni og gera abstrakt eða óhlutbundin verk. Það hefur gefið mér einstakt frelsi að gera svokölluð ljót málverk og ég hef verið með sýningu þar sem ég vinn gegn minni eigin fagurfræði. Það er eins og að flysja utan af lauk þar sem komið er lag ofan á lag af öruggum aðferðum og hugmyndakerfi innra með manni." Nefnir Kristín í framhaldinu að hún leiti eftir barninu í sér og gæti þess að viðhalda vinnugleðinni sem tengist barnslegri forvitni. „Sem er oft óhagkvæmt og andstætt einhverju sem öðrum finnst. En ég pæli bara ekkert í því lengur."

Teikningin mjög mikilvæg

Þá segist Kristín ekki geta gert upp á milli þeirra aðferða sem hún noti í listinni. „Vinnuaðferðir mínar skiptast í fjórar meginaðferðir. Teikningin er grunnurinn, síðan olía á striga og svo er það eggtempera með eða án blaðgulls á tré og loks saumurinn. Fólk hváir mikið yfir því hvað ég þori að breyta til en mér finnst ég alltaf mjög klassísk og nokkuð íhaldssöm því ég er alltaf að fást við þennan tvívíða flöt. Reyndar er ég með nokkra polychrome skúlptúra þar sem ég vinn á trékúlur. Ég sæki reglulega í það að vinna eftir lifandi fyrirmynd og teikna módel en ég er ekkert að fást við anatómíuna lengur, ég þekki hana og hana þarf að kunna vel til að geta losnað frá henni. Þá er komið að persónulegu frelsi í að tjá tilfinningar mannsins og sögu hans sem liggur í líkamanum. Teikningin er það sem ég leita alltaf í, hún er mér mjög mikilvæg, grunnurinn að öllu sem ég geri. Þá er þetta bara blýantur og blað, ekkert flókið," segir hún og hlær.

Skynja fyrst, skilja svo

Að sögn Kristínar sækir hún einna helst innblástur í eigið tilfinningakerfi. „Tilfinningakerfi manns er speglun á lífi mannsins og þeim stað sem hann er staddur á hverju sinni. Tvísýnt ástand mannkynsins endurspeglast í síðustu verkum mínum, þetta eru stórir kraftar og spurningar. Við erum komin að upplausn þar sem allt er mjög nálægt, með endalausum erfiðum upplýsingum en á sama tíma líka mjög fjarlægt því hvert og eitt okkar upplifir varnar- og úrræðaleysi. Ég fæ vissa útrás fyrir því sem ég er að hugsa, hvernig mér líður og hvar ég er staðsett í eigin lífi og í samfélaginu. Þetta er því alltaf þessi blanda, hver maður er, hvar maður er og á hvaða tíma," segir hún til útskýringar.

Talið berst því næst að yfirskrift sýningarinnar *Ósagt* og hvernig hún hafi orðið fyrir valinu. „Þetta kom snemma upp í samtali milli mín og Markúsar. Mikill texti fylgir gjarnan listaverkum samtímans sem getur verið á kostnað upplifunarinnar. Ég hef mikla þörf fyrir að fá að skynja verk fyrst og mögulega skilja svo. Því meir sem er sagt um listaverk frá hvaða tímum sem er, því fleira er ósagt, það tilheyrir ekki heimi orðanna. Hið ósagða gefur næði til að ná mikilvægu sambandi og æfir traustið. Það er líka gott að hafa frið til að misskilja og njóta þess."

Þarf að kannast við þörfina

Aðspurð að lokum um góð ráð til þeirra sem vilji feta listabrautina segir Kristín að fyrst og fremst verði maður að kannast við að hafa þörf. „Ef þú hefur næga þörf til þess að vera í þessu fagi og vinna í myndlist þá heldurðu betur út. Þetta er basl og gengur misvel. Og svo er það að vera forvitinn og standa með sjálfum sér, þekkja það sem mann raunverulega langar að gera sem er ekki endilega viðurkennt af hinu listræna umhverfi. Þora að vera asnalegur. Hér á landi erum við ansi fá upp á fjölbreytt samtal að gera en senan er kröftug. Maður þarf að þora eins mikið og maður ræður við að vera maður sjálfur."